Menningarfélag Akureyrar

Menningarfélag Akureyrar 126. stjórnarfundur, Hofi, 18. janúar 2021 kl. 11:30-13:30

Boðaðir: Ágúst Torfi Hauksson, Þórarinn Stefánsson, Jóhanna María Elena, Eva Hrund Einarsdóttir og Þuríður Helga Kristjánsdóttir.

Sviðsstjórar boðaðir undir liðinum ,,fréttir af starfsemi"

Dagskrá:

Drög að 5 mánaða uppgjöri – fylgigagn á TEAMS

Samkvæmt drögum stefnur reksturinn í jafnvægi og hefur þar 20 m.kr. viðbótaframlag frá fjáraukalögum ríkisins veruleg áhrif.

Fréttir af starfsemi- miðasala og þh – skýrsla /fylgigagn á TEAMS

Framkvæmdastjóri segir frá að miðasala á viðburði gangi vel þrátt fyrir samkomutakmarkanir Sviðsstjórar greina frá verkefnum á sínum sviðum. Sérstaklega hefur verið mikið álag á starfsmenn miðasölu vegna breytinga á viðburðum og endurgreiðslum vegna viðburða sem ekki hafa verið haldnir vegna Covid.

Fréttir af fundi stjórnarformanns og framkvæmdastjóra með Akureyrarbæ.

Stjórnarformaður greinir frá umræðum sem fram fóru á fundi með sviðsstjórum og formönnum UMSA og Akureyrarstofu. Þar var meðal annars rætt um búnaðarkaup og rými í kjallara fyrir Leiklistarskóla LA.

Stefnumótun MAk – Fylgigang á TEAMS

Framkvæmdastjóri fer yfir fyrirkomulagið sem er í samræmi við fylgigagn. Rætt er um að hefja stefnumótunarvinnu sem fyrst og að henni komi hagsmunaaðilar og þá meðal annars aðildarfélögin. Stjórnendur Menningarfélagsins munu halda utan um vinnuna og þá hver sviðsstjóri um sitt svið.

Málefni veitingaaðila – fylgigang komið á TEAMS

Veitingaaðili hefur sagt upp og felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja því máli eftir. Almennar umræður um nýtingu jarðhæðar.

Fundargerð ritaði

Þuríður Helga Kristjánsdóttir